

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 4/2020
Fundarritari: Guðmundur Örn Sverrisson	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Ásgerður Magnúsdóttir (ÁM) formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Harpa Ósk Valgeirsdóttir (HÓV) formaður dagskráráðs Jón Halldór Jónasson (JHJ) formaður upplýsingaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Guðmundur Örn Sverrisson (GS) fjármála- og verkefnastjóri BÍS	Fundarstaður: Fjarfundur Dags: 17. mars 2020 Frá kl. 20:00-21:00
Fjarverandi: Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs og alþjóðaráðs, Sævar Skaptason (SS) formaður fjármálaráðs	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
<u>1</u>	1	Setning MM setti fundinn klukkan 20:03	MM
<u>1</u>	2	Fundargerð síðasta fundar Engar athugasemdir bárust, fundargerð samþykkt.	GS
<u>15</u>	3	Skátaping Tillaga lögð fyrir fundinn um að fresta skátapingi. Embætti í ráð og stjórnir eru sjálfkjörin og óskar stjórn eftir óformlegu umboði og stuðningi félaga til að stjórn og ráð hefji störf eftir nýju skipuriti. Tillagan er samþykkt og verða félagsforingjar upplýstir um ákvörðun stjórnar.	MM
<u>25</u>	4	Stefnumótun Setja þarf upp nýja tímalínu og vinna nokkur efnisatriði. Stefnt er að fjarfundi innan tíðar.	MM
<u>3</u>	5	Önnur mál -Mikið er um afbókanir á Úlfljótsvatni m.a. erlendra skátahópa og skóláhópa sem mun höggva stórt skarð í rekstur ÚSÚ. Stefnan er að vinna með VMST sem og nýta starfsfólk í framkvæmdir á meðan ástandið varir. -ESJ er í óvissu en þátttökugjald verður ekki endurgreitt ef mótinu verður aflýst. -Fyrirspurn lögð fyrir fundinn hvenær þarf að taka lokaákvörðun um hvort aflýsa þurfi landsmóti. Talsvert svigrúm í tíma er fyrir hendi þar sem fjárútlát eru nálægt setningu mótsins. -Stuðkví er að ná flugi. Stefnt er á markaðssetningu og kostaðri birtingu á samfélagsmiðlum. -Erindrekar fá hrós fyrir gott starf og stuðning við félög. -Heimsóknartölur vegna Stuðkví á skatarnir.is eru með besta móti. Til stendur að senda út fréttatilkynningu og fylgja þessu vel eftir af hálfu ritstjórnar vef- og samfélagsmiðla. -WOSM og WAGGGS hafa beðið þátttakendur á heimspingum um að bíða með að bóka flug. Umsóknarfrestur framlengdur til 25. mars.	Fundarstjórn

Fundi slitið 20:24